



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Um námsmat í Áslandsskóla

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Námsmat í Áslandsskóla
- Foreldrarölt
- Nemendur í 3ja bekk leggja land undir fót
- Sameiginleg morgun-stund
- Dagur íslenskrar tungu—Stóra upp-lestrarkeppni
- Glæsilegur árangur Halldórs Inga í ný-sköpunarkeppni
- Þógrímur Þráinsson í heimsókn í 8. bekk
- Comeniusar heim-sókn frá Póllandi og Tyrklandi
- Ratleikur 1. des
- Skreytingardagur

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Kennarar tilgreindu í bekkjarvísun þeim sem dreift var á skólakynningum í haust um markmið, námsefni og námsmat þeirra námsgreina sem lagðar eru til grundvallar náms og kennslu í hverjum árgangi.

Vinna við innleiðingu símats í Áslandsskóla hefur verið í gangi undanfarin misseri. Símat byggir á því að námsárangur nemandans sé metinn jafnt og þétt yfir allan námstímann.

Að mínu mati tel ég að símat stuðli að því að jafna nám nemandans þannig að hann læri jafnt og þétt allan námstímann. Ég tel einnig að með símati ættum við að geta minnkað streitu nemenda og prófstress, sem hingað til hefur að vissu leyti verið árstíðabundið mál í skólum landsins. Í Áslandsskóla eru ekki stórar

og þungar próflotur og stærri og meiri próf koma ekki til sögunnar fyrr en undir lok skólagöngunnar fyrir nemendur í unglingadeild.

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemandinn hefur tileinkað sér þá færni sem getið er um í aðalnámskrá, skólanámskrá eða bekkjavísi í viðkomandi grein.

Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti allt eftir ákvörðun hvers skóla fyrir sig. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Það er alltaf kennarinn sem ber ábyrgð á námsmatinu og sér um að meta nemandann.

Að mínu mati stendur námsmat undir nafni þegar kennari ræðir eða ritar um frammistöðu nemandans. Hrósar því sem vel er gert, bendir á athyglisverða hluti

og kemur með ábendingar um það sem mætti bæta og þá leiðir til úrbóta.

Í lok nóvember er skipulagsdagur í Áslandsskóla. Hluta af þeim degi munum við verja til að fjalla um námsmat og auka þekkingu okkar á þessu sviði skólastarfsins. Í þeim tilgangi mun Jóhanna Karlsdóttir lektor við Kennaraháskóla Íslands heimsækja okkur árla morguns með erindi og vangaveltur um námsmat.

Bestu skólakveðjur

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)



HALLDÓR INGI SIGRAÐI Í NÝSKÖPUNARKEPPNINI

Halldór Ingi Jónasson stóð sig frábærlega í nýsköpunarkeppni grunnskóla á dögnum. Hann sigraði þar í flokki útlits- og formhönnunar og fékk vegleg verðlaun.

Flórgoðinn fór þess á leit við Halldór Inga að hann segði okkur örlítið frá þátttöku sinni og ferli sínu í keppninni og fylgir frásögn hans hér að neðan.

Paul Jóhannsson hringdi í mig þann 10. október og sagði mér að mín hugmynd hefði verið valin úr 5300 hugmyndum frá grunnskólakrökkum, ásamt 40 öðrum hugmyndum.

Hann bauð mér að vinna hugmyndina mína frekar og mæta í Foldaskóla helgina 14.-15. október milli klukkan 10-16.

Ég varð mjög spenntur fyrir þessu öllu saman. Ég mætti síðan í Foldaskóla og byrjaði á því að skrifa um hugmyndina mína og gerði svo líkan af henni. Hugmyndin mín var bókaopnari.

Hugmyndina fékk ég þegar ég var að skrifa í bók og hún lokaðist alltaf.

Sýning á verkunum og verðlaunaafhendingin var svo í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 4. nóvember klukkan 14. Þar var forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, menntamálaráðherra, frú Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og borgarstjórinn í Reykjavík, Hr. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Þau opnuðu sýninguna og afhentu verðlaunin.

Keppninni var skipt niður í fjóra hópa frá 1.-3. sæti. Ég fékk 1. verðlaun fyrir útlits- og formhönnun og fékk fimmtíu þúsund og verðlaunapening.

Halldór Ingi Jónasson

Við óskum Halldóri Inga auðvitað til hamingju með sigurinn og frábæra frammistöðu, og kannski ekki síður snjalla hugmynd.



Halldór Ingi með viðurkenningar sínar fyrir framan plakat af bókaopnaranum sínum.

ÞORGRÍMUR Í HEIMSÓKN

Þriðjudaginn 7. nóvember kom Þorgrímur Þránínsson, rithöfundur og hægri bakvörður í heimsókn í 8. bekk skólans.

Hann hélt fyrirlestur þar sem spurningunni „Hvað viltu fá út úr lífinu?“ var varpað fram og til þess að svara þeirri spurningu kenndi hann nemendum að setja sér markmið.

Eins fjallaði hann um skaðsemi reykinga og nauðsyn þess að stunda heilbriggt lífferni, efla fjölskyldu- og vinnubönd og rækta sjálfan sig andlega.

SAMEIGINLEG MORGUNSTUND

Sameiginleg morgunstund er í Áslandsskóla mánudaginn 13. nóvember kl. 8:15.

Á sameiginlegri morgunstund flytja nemendur ljóð, leikrit, frásagnir og söngva sem tengjast dygd mánaðarins.

Einnig er háttvísasti bekkur skólans útnefndur. Sá bekkur fær bláa fuglinn, viðurkenningarskjál og bikar til varðveislu fram að næstu sameiginlegu morgunstund.



SKREYTINGADAGUR

Sú hefð hefur skapast í Áslandsskóla að halda sérstakan jólaskreytingadag.

Þetta árið ætlum við að færa skólann í jólabúning þriðjudaginn 5. desember milli kl. 8:10 og 11:10.

Á þeim tíma vinna nemendur við ýmsa skreytingavinnu og hefðubundin kennsla fellur niður.

Eftir hádegisverð verður síðan kennsla samkvæmt stundaskrá.

RATLEIKUR 1. DES HEILSDAGSSKÓLI OPINN

Sú skemmtilega venja hefur skapast hér í Áslandsskóla að brjóta upp skólastarfið á fullveldisdaginn 1. desember ár hvert og fara í ratleik um skólahverfið.

Sá dagur er merktur á skóladagatalinu sem sveigjanlegur skóladagur og því verður viðvera nemenda óhefðbundin.

Nemendur fá upplýsingar frá umsjónarkennara um hvenær þeir eiga að mæta. Nemendum verður síðan skipt upp í lið og er að minnsta kosti einn starfsmaður í hverju liði.

Þess ber að geta að heilsdagsskólinn, Tröllaheimar, er opinn þennan dag. Ef nemendur þurfa lengri viðveru en þeir eiga frátekna eru þeir beðnir að snúa sér til skrifstofu skólans.

UPPLESTUR DAGUR ÍSL TUNGU

Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. Fjölmargir aðilar lögðu hönd á plóg og efndu til viðburða af þessu tilefni. Má þar nefna fjölmiðla, skóla, stofnanir og félag. Menntamálaráðuneytið hélt hátíðarsamkomu og veitti þar í fyrsta sinn Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskunnar.

Dagur íslenskrar tungu hefur síðan verið haldinn hátíðlegur með svipuðu sniði og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti. Íslendingar hafa verið hvattir til að draga íslenska fánann að húni á degi íslenskrar tungu.

Við í Áslandsskóla höldum daginn hátíðlegan með þeim hætti að hann markar formlega upphaf stóru upplestrarkeppinnar. Þar höfum við titil að verja þetta árið eftir sigur Ástu Margrétar Eiríksdóttur í Hafnarborg á síðasta skólaári.

3. BEKKUR LEGGUR LAND UNDIR FÓT

Við í 3. bekk höfum verið dugleg að fara út úr húsi á þessu misseri. Við fórum í berjamó á Ásfjall, ræddum um hvernig væri hægt að nýta berin og unnum verkefni. Við tókum strætó í samgönguviku og fórum í Helliggerði þar sem nemendur týndu laufblöð og mældu ummál trjáa. Einnig voru allar gangbrautir taldar sem þurfti að fara yfir. Stofurnar prýða nú laufakransa sem nemendur gerðu eftir ferðina.

Við fórum að Hvaleyrarvatni og fengum skála bæjarins lánaðan. Hann var einungis notaður þegar nestið var snætt því umhverfið laðaði að. Vatnið var ísilagt og nemendur undu sér vel við að kasta steinum, reyna að brjóta ísinn eða renna sér fótskriðu.

Þegar 4. og 7. bekkir skólans þreyttu samræmd próf fórum við í langa og góða gönguferð. Við stöldruðum við á Hamrinum, unnum verkefni í náttúrufræði og nutum útsýnisins. Við gengum með læknum á leið okkar heim í Ásland.

Við fórum einnig í vettvangsferðir til Reykjavíkur. Í annað skiptið skoðuðum við Þjóðminjasafnið og sumir kíktu í Þjóðarbókhöfðuna. Hin heimsóknin var í Alþingishúsið. Þessar heimsóknir voru báðar mjög skemmtilegar og fróðlegar. Nemendur í Baldurs-, Óðins- og Þórshheimum eru því orðnir margs vísari um bæinn, borgina og þjóðmálin.

Kveðja

Umsjónarkennarar og nemendur

COMENIUSAR HEIMSÓKN

Dagana 13.—17. nóvember fáum við góða gesti í heimsókn frá Póllandi og Tyrklandi.

Heimsóknin er í tengslum við Comeniusarverkefni skólans, Culture Capsule, sem Jenný Berglind Rúnarsdóttir hefur haldið svo frábærlega utan um.

Í heimsókn koma kennarar frá báðum löndum auk tveggja stúlkna frá Póllandi. Leitað var til forráðamanna að hýsa stúlkurnar meðan á dvölinna stendur og voru viðbrögð einstök. Fjöldi forráðamanna bauð fram aðstoð sína og ber að þakka þeim kærlega fyrir.

Margt verður til gamans gert og dagskrá þaulskipulögð. Meginhluti dagskrár fer fram hér í skólanum og munu stúlkurnar tvær til að mynda sækja kennslustundir í Jarðheimum, 6.-SJS. Þá verður farið með gesti okkar um gervallan Hafnarfjörð, í Bláa Lónið auk ferðar um Suðurland og helstu náttúruperlur okkar þar skoðaðar.

Gestir okkar halda síðan heim á leið fimmtudaginn 16. nóvember og föstudaginn 17. nóvember.



FORELDRARÖLT 2006 - 2007

Bekkjartenglar finna forráðamenn úr sínum bekk til að rölja.
Gengið á föstudögum, lagt af stað milli 22:00-23:00.

Bekkjartenglar eru ábyrgir fyrir því að rölt sé á hverjum föstudegi.

Peir sem rölja sækja bók og síma í félagsmiðstöð og skila því þangað aftur á mánudegi.

Bekkjartenglar eiga að sjálfsgöðu ekki að rölja alltaf sjálf heldur að virkja aðra forráðamenn í bekknum.

Á mánudeginum hringir þessi hópur í þá sem eiga að rölja næst og minnir þá á.

Árg.	Bekkur	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Fulltrúi foreldrafélags
4. - ÁR	Álfaheimar	3								Erlendur
9. -JÓI	Ásheimar	10					20			Dóra
3. -EP	Baldursheimum	17								Halla
8. -SER	Dulheimar	24					27			Helga
6. -HÓS	Fjallheimar		1							Hrafnhildur
2. -SP	Flókaheimar		8							Ingibjörg Guðmunds.
1. -HDB	Garpheimar		15							Ingibjörg Ólafs.
10. -MR	Goðaheimar		29					4		Jóhanna
1. -KJS	Grettisheimar			5						Ólöf
10. -BH	Hetjuheimar			12				11		Rúna
7. -AÓ	Hnjúkaheimar			19						Sara Björk
2. -KH	Hrafnshemar			26						Dóra
4. -HUG	Hulduheimar				2					Erlendur
6. -SJS	Jarðheima				9					Halla
1. -MBG	Jötunheimar				16					Helga
5. -HHS	Ljósheimar				23					Hrafnhildur
3. -HS	Óðinsheimar					2				Ingibjörg Guðmunds.
7. -HP	Tindaheimar					9				Ingibjörg Ólafs.
5. -HF	Tunglheimar					16				Jóhanna
8. -ÁMH	Undraheimar					23		25		Ólöf
3. -LRÓ	Þórsheimar					30				Rúna
9. -DÍ	Ægisheimar						13		1	Sara Björk



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri